

FYRIRLESTUR

á vegum

Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn

í samvinnu við *Mývatnsstofu* og *Umhverfisstofnun*

mánudagskvöldið 27. júní kl. 20:30 í Mývatnsstofu í Reykjavíð.

Dr. Anthony Ragnar Ives frá Háskólanum í Wisconsin – Madison og
Dr. Árni Einarsson forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar.

“The simple and complex ecology of Myvatn”

Dr. Anthony Ragnar Ives hefur lagt leið sína til Mývatns síðan 2000 og unnið að rannsóknum með sínu teymi frá háskólanum í Wisconsin í samvinnu við Náttúrurannsóknastöðina. Þau hafa kannað og rannsakað margvíslega þætti lífríkisins og eru á kafi í langtímarannsóknum um ástand og framtíðarhorfur vatnsins.

Fyrirlesturinn verður á ensku. Allir velkomnir.

Dr. Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar verður á staðnum og útskýrir nánar ef með þarf. Hann mun einnig leiða umræður um fyrirlesturinn á eftir, þar sem rætt verður um ástand vatnsins, framtíðarhorfur, sem og nýútkomna skýrslu um málefni Mývatns sem samstarfshópur skipaður af umhverfissráðherra skilaði nýlega og finna má á vef Umhverfissráðuneytisins.

An evening with The Myvatn Research Station

“The simple and complex ecology of Myvatn”

Monday June 27th at 20.30 hours, at the Visitors Center in Reykjavíð.

Dr. Anthony Ragnar Ives has been visiting Myvatn since 2000 and is now leading a team of researchers from the University of Wisconsin in cooperation with the Myvatn Research Station. They have studied the various components of the ecosystem and are conducting long-term research on its development. The talk will be in English. Open to everyone. Discussion afterwards will be led by Dr. Árni Einarsson, director of the Myvatn Research Station.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

23. tbl. 8. árg. miðvikudaginn 22. júní 2016

Afmælisbörn dagana 23. júní — 29. júní 2016

23. Auður Jónsdóttir, Dagur Sæmundsson.
24. Gunnar Rúnar Pétursson.
26. Arnfríður Anna Jónsdóttir.
27. Axel Þór Jónasson.
28. Guðjón Vésteinnsson.

Auglýsing um kjörfund í Skútustaðahreppi vegna forsetakosninga 25. júní 2016.

Kosið verður í einni kjördeild í Skjólbrekku.

Kjörfundur verður settur kl. 10 árdegis og stendur til kl. 18 síðdegis.

Ath. ber þó 89. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 sem hljóðar svo:
“Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrir en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrir en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.”

Kjörstjórn Skútustaðahrepps,
Finnur Baldursson (sign)
Friðrik Lange (sign)
Edda Stefánsdóttir (sign)

Kæru íbúar Skútustaðahrepps

Nú stýttist í að sorptunnum verði dreift á öll heimili í sveitarfélaginu.

Við byrjum dreifingu laugardaginn 25. júní n.k.

Hvert heimili sem greiðir sorphirðugjald fær þrjár tonnur til flokkunar.

Eina með bláu loki undir pappírsefni. Aðra tunnu með grænu loki undir plast umbúðir og málma og þá þriðju undir sorp til urðunar (almennt heimilissorp sem ekki fellur undir flokk eitt og tvö).

Nánari upplýsingar um flokkun er að finna í bæklingi sem dreift var á öll heimili í vetur og á heimasíðu Skútustaðahrepps www.myv.is

Einnig má finna upplýsingar um flokkun á heimasíðu Gámaþjónustu Norðurlands www.gpn.is.

Mikilvægt er að finna ílátum góðan stað með tilliti til fokhættu og aðgengis.

Okkar starfsmenn munu reyna að hitta á heimilisfólk við afhendingu tunnanna á hverju heimili og svara spurningum sem mögulega vakna.

Eins er gott að senda fyrirspurnir og óskir um t.d stærri ílát á nordurland@gamar.is Síminn hjá okkur er 414-0200 og við reynum að greiða skjótt úr málum sem koma upp.

Fyrsta losun er ráðgerð í viku 28. eða dagana 12. og 13. júlí n.k.

Í fyrstu hreinsun verður tekið sorp til urðunar og pappírsefni. Sorphirðudagatal verður útbúið og kynnt íbúum að fyrstu hreinsun lokinni.

Í framhaldi af tunnurvæðingu verða gámar sem nú standa einir víðsvegar um sveitina smá saman fjarlægðir.

Kær kveðja
Gámaþjónusta Norðurlands



14. Til fundar eru mættir fulltrúar Vegagerðarinnar Gunnar Guðmundsson og Pálmi Þorsteinsson. Rætt um vegamál í sveitarfélaginu, helstu verkefni framundan og áherslur sveitarstjórnar. M.a var rætt um vetrarþjónustu, Hverfjallsafleggjara, afleggjara að bílastæði við Kálfaströnd og Vagnbrekku, bundið slitlag á tengivegi, hálendisvegi, salernismál, hámarks hraða, girðingar og ristahlíð of.l. Gunnar Guðmundsson og Pálmi Þorsteinsson véku af fundi kl. 11:30.

15. Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni sem unnið hefur verið að frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30

Yngvi Ragnar Kristjánsson
Arnheiður Almarsdóttir
Guðrún Brynleifsdóttir
Sigurður G. Böðvarsson
Friðrik Jakobsson
Jón Óskar Pétursson

Kæru Mývetningar.

Á næstu dögum verður ykkur send könnun í pósti sem er hluti af meistaraverkefni mínu í lýðheilsuvísindum við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Markmið könnunarinnar er að skoða heilsu og líðan Mývetninga 18 ára og eldri sem eiga lögheimili í Mývatnssveit. Könnunin er byggð á spurningum úr rannsókninni Heilsu og líðan Íslendinga sem Embætti landlæknis hefur lagt fyrir þrisvar sinnum. Könnunin er ætluð sem grunnmat á heilsu og líðan íbúa Mývatnssveitar og að vera undanfari að því að Mývatnssveit verði þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélag. Heilsueflandi samfélag leggur áherslu á að heilsa og líðan allra íbúa sé höfð í fyrirrúmi í allri stefnumótun og á öllum sviðum samfélagsins. Könnunin er unnin í samstarfi við Skútustaðahrepp, Heilsueflandi samfélag og Háskóla Íslands.

Þátttaka ykkar er mjög mikilvæg og er það ósk mín að þið sjáið ykkur fært að svara könnuninni af samviskusemi. Könnuninni má skila á pósthúsið, í póstkassa fyrir almenning og að skilja hana eftir í póstkösum við afleggjara heim að bæjum.

Með fyrirfram þökk
Jóhanna Jóhannesdóttir
Meistaraneimi í lýðheilsuvísindum
við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

7. Í bréfinu er Skútustaðahrepp boðin þátttaka í umsókn Jafnréttisstofu til Evrópusambandsins í verkefni sem miðar að eflingu þverfaglegs starfs þegar kemur að ofbeldi gegn konum og börnum. Sveitarfélögum, lögreglunni, heilsugæslunni, skólum og öðrum sem vinna með kynbundið ofbeldi og afleiðingar þess á Norðurlandi eystra er boðið að taka þátt í verkefninu. Verkefnið er sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. *Sveitarstjórn samþykkir þátttöku og felur sveitarstjóra afgreiðslu málsins.*
8. Í bréfinu er tilkynnt um auka úthlutun Landbótasjóðs árið 2016. Í hlut Skútustaðahrepps koma 530 þúsund.
9. Í bréfinu sækir Ingibjörg Björnsdóttir f.h. fjáreigenda á Framafrétt um styrk til viðhalds og endurbóta skála á Stóruflesju við Suðurá. Sveitarstjórn samþykkir að veita allt að 350 þúsund krónum til verkefnis og felur sveitarstjóra útfærslu í samráði við fjáreigendur á Framafrétt. Sveitarstjóri lagði fram viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa. Lykill 13-21-4320 hækkar um 250 þúsund. Útgjöldum verði mætt með hækkun skammtímaláns. Sveitarstjórn samþykkir framlagðan viðauka samhljóða. Sigurður G. Böðvarsson vék af fundi undir afgreiðslu þessa erindis.
10. Gígja Sigurbjörnsdóttir, kt. 110640-4129, Álftagerði 3, 660 Mývatni, sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga í flokki I að Álfagerði 3, 660 Mývatn Samkvæmt 10. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007 og 23. gr. reglugerðar nr. 585/2007 er óskað umsagnar sveitarstjórnar um umsókn þessa *Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn að uppfylltum skilyrðum sem skipulags- og byggingafulltrúi og aðrir umsagnaraðilar kunna að setja.*
11. Aðalfundur Leigufélagsins Hvamms ehf kt 500209-1270 verður haldinn *miðvikudaginn 22. júní 2016* í húsnæði Hvamms, Vallholtsvegi 17, Húsavík (salur í Miðhvammi). *Sveitarstjórn samþykkir að Sigurður G. Böðvarsson fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.*
12. Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf. í Þingeyjarsýslum verður haldinn *miðvikudaginn 22. júní 2016 kl. 14:00* í húsnæði félagsins, Vallholtsvegi 17, Húsavík (salur í Miðhvammi). *Sveitarstjórn samþykkir að Sigurður G. Böðvarsson fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.*
13. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að semja kjörskrá. Jafnframt er oddvita veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna forsetakosningana 25. júní nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. *Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa kjörskrána*

Sumartónleikar við Mývatn 2016

30. starfsár.

Heildardagskrá fyrir Reykjahlíðarkirkju, Skútustaðakirkju, félagsheimilið Skjólbrekku og Bænhúsið á Rönd.

2. júlí – laugardagur kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Trío Fókus: Ingveldur Ýr Jónsdóttir, söngur, Margrét Th. Hjaltsted, víola, Guðríður St. Sigurðardóttir, piano.

5. júlí – miðvikudagur kl. 20:00, Félagsheimilið Skjólbrekka.

“Fjarlagakvöld” til heiðurs og minningar um Jón Stefánsson, organista. Allir velkomnir að syngja ættljáðarlögin í fjórum röddum.

9. júlí – laugardagur kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Þórarinn Baldursson, víola og Guðrún Dalía Salómónsdóttir, piano.

10. júlí – sunnudagur kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Sigrún Eng, selló, Guðrún Ingimundardóttir og Svanfríður Halldórsdóttir, tvísöngur.

16. júlí – laugardagur kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Arnaldur Arnarson, gítar.

17. júlí – sunnudagur kl. 21:00, Skútustaðakirkja.

Arnaldur Arnarson, gítar.

21. júlí – fimmtudagur kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Dúó Funi; Bára Grímsdóttir og Chris Foster.

23. júlí – laugardagur kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Þórarinn Stefánsson, piano.

24. júlí – sunnudagur kl. 21:00, Skútustaðakirkja.

Dúó Custos; Jóhanna Halldórsdóttir, alt og Helga A. Jónsdóttir, blokkflautur.

25. júlí – mánudagur kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Dúó Custos; Jóhanna Halldórsdóttir, alt og Helga A. Jónsdóttir, blokkflautur.

30. júlí – laugardagur kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Benedíkt Kristjánsson, tenór og Bjarni Frímann Bjarnason, piano.

31. júlí – sunnudagur kl. 21:00, Skútustaðakirkja.

Benedíkt Kristjánsson, tenór og Bjarni Frímann Bjarnason, orgel.

31. júlí – sunnudagur kl. 14:00.

Messa í bænhúsinu á Rönd - tónlist frá Sumartónleikunum.

Þetta er 30. starfsár og jafnframt síðasta starfsár sumartónleikanna undir stjórn Margrétar Bóasdóttur.

Aðgangur er ókeypis á flesta viðburði og allir eru hvattir til að koma og njóta góðrar tónlistar í flutningi framúrskarandi listafólks.



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

37. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 15. júní 2016, kl 09:00.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Sigurður G. Böðvarsson, Arnheiður Almarsdóttir varamaður Helga Héðinssonar, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik Jakobsson, og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Þekkingarsetur í Mývatnssveit – skýrsla starfshóps
3. Fundargerð skólanefndar frá 6. júní 2016
4. Fundargerð skipulagsnefndar frá 13. júní 2016
5. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar frá 3. júní 2016
6. Bréf Umhverfis og auðlindaráðuneytisins dags. 31. maí 2016
7. Bréf Jafnréttisstofu dags 27. apríl 2016
8. Bréf Landgræðslu ríkisins dags. 30. maí 2016
9. Bréf fjáreigenda á Framaafrétt dags 3. júní 2016
10. Umsókn um rekstrarleyfi vegna gististaðar í flokki I
11. Aðalfundarboð Leigufélags Hvamms ehf.
12. Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf.
13. Kjörskrá vegna forsetakosninga þann 25. júní 2016
14. Vegamál í Skútustaðahreppi- fulltrúar Vegagerðarinnar mæta til fundarins.
15. Skýrsla sveitarstjóra

Efni til kynningar.

Fundargerð Dvalarheimilis aldraðra sf frá 31. maí 2016
Fundargerð Leigufélags Hvamms frá 31. maí 2016
Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. maí 2016
Fundargerð aðalfundar Greiðrar leiðar frá 10. maí 2016
Fundargerð stjórnar Eyþings frá 11. maí 2016

1. Oddviti setti fund og lagði til að nýjum lið 13. *Kjörskrá vegna forsetakosninga þann 25. júní 2016* yrði bætt á dagskrá. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur. Samþykkt samhljóða.
2. Til fundar eru mættir Margrét Hólm Valsdóttir, Óli Halldórsson, Bjarni Jónasson og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir og kynntu þau skýrslu vinnuhóps um Þekkingarsetur í Mývatnssveit. Sigurður G. Böðvarsson sat einnig í nefndinni. Verkefnið var styrkt af uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Umræður urðu um málið og svörðuðu nefndarmenn fyrirspurnum. Sveitarstjórn þakkar starfshópnum gott starf. Afgreiðslu um næstu skref í málinu frestað. Margrét Hólm Valsdóttir, Óli Halldórsson, Bjarni Jónasson og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir véku af fundi kl. 9:20.

3. Fundargerð skólanefndar frá 6. júní 2016. Fundargerðin er í 5 liðum.

Liður 2. Fótboltavöllur.

Sveitarstjórn bendir á að málið hefur verið til skoðunar um nokkurt skeið. Á fundi sveitarstjórnar þann 31. mars 2016 var m.a fært til bókar. „Ekki liggur fyrir hvaða gúmmiefni uppfylla það skilyrði að vera viðurkennd en ljóst má vera að slíkt er grundvallarforsenda fyrir að hægt sé að fá niðurstöðu í málið til framtíðar litið að viðurkennd efni séu til staðar.

Sveitarstjórn mun fylgjast vel með framvindu málsins og telur eðlilegt að horft verði til niðurstöðu rannsókna Umhverfisstofunar á því hvaða efni setja eigi í stað dekkjakurla en slík vinna er í gangi hjá stofnuninni.“ Sveitarstjóri upplýsti einnig að leitað hefur verið tilboða hjá tveimur aðilum um kostnað vegna útskipta dekkjakurla á sparkvellingum.

Sveitarstjórn mun áfram fylgjast með framvindu mála og stefnir að því að kröfur um öryggi á sparkvelli verði til fyrirmyndar og gæði þeirra efna sem notuð eru uppfylli yftrustu kröfur.

Liður 4. Beiðni um stuðning í leikskóla.

Sveitarstjórn samþykkir aukinn stuðning vegna tveggja barna í leikskóla um allt að 4 klst. á viku frá ágúst 2016.

Sveitarstjóra falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessarar ákvörðunar og leggja fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leiti.

4. Fundargerð skipulagsnefndar frá 13. júní 2016. Fundargerðin er í fimm liðum.

Liður 2. Breyting á aðal og deiliskipulagi við Olnbogaás.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi með þeim breytingum sem fram koma í svörum nefndarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna gildistöku breytingartillögunnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

5. Fundargerð gróðurskoðunarnefndar eftir ferð á Austurafrétt þann 3. júní 2016.

Sveitarstjórn samþykkir sleppingar á Austurafrétt samkvæmt eftirfarandi.

15% mánudaginn 6. júní 2016

25% laugardaginn 11. júní 2016

Rest í hæfilegum hópum eftir 17. júní 2016

Framangreind tillaga og fundargerðin voru áður staðfest í tölvupósti.

6. Í bréfinu er óskað tilnefningar eins fulltrúa Skútustaðahrepps í starfshóp umhverfisráðherra sem greina á möguleika og vinna tillögur að hugsanlegri uppbyggingu og skipulagi á jörðinni Hofsstöðum. Á grundvelli 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu karla og kvenna er óskað tilnefningar tveggja aðila. *Sveitarstjórn tilnefnir Yngva Ragnar Kristjánsson oddvita og Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur varaoddvita í starfshópinn.*